

# Ársskýrsla Samtaka kvenna í vísindum (SKVÍS) fyrir starfsárið júní 2016 til júní 2017

„Félag kvenna í vísindum er fyrir konur sem starfa á öllum sviðum vísinda. Félagið vill stuðla að valdeflingu og samtakamætti vísindakvenna á uppbyggilegan hátt, með kraft og gleði að vopni. Markmið félagsins er að efla tengslanet kvenna í vísindum og að auka sýnileika vísindakvenna. Félagið mun veita fræðslu og stuðning fyrir félagskonur. Það mun einnig sinna eftirlits- og upplýsingahlutverki um stöðu kvenna í vísindum.“

Stefnuyfirlýsing SKVÍS frá stefnumótunardegi, 30. apríl 2016.

Útgáfudagur 30.maí 2017.

Rafræn skýrsla aðgengileg á heimasíðu ([www.skvis.is](http://www.skvis.is)).

## Yfirlit fyrir starfsárið 2016-2017

Fyrsta stjórn Samtaka kvenna í vísindum var kosin á fyrsta aðalfundi félagsins 2. júní, 2016. Stjórnina skipa níu kjarnakonur sem starfa innan hinna ýmsu vísindagreina. Þær héldu sinn fyrsta stjórnarfund í júní 2016, og voru síðan með mánaðarlega fundi frá september 2016 til apríl 2017. Forgangsverkefni stjórnar var að koma af stað reglulegu félagsstarfi, mánaðarlegum fræðslumorgnum og föstudagshittingum, gera heimasíðu fyrir samtökin, vera með tengslamyndunarfræðslu og mynda vinnuhópa innan félagsins til að sinna viðfangsefnum sem voru skilgreind á stefnumótunardegi samtakanna, 30. apríl 2016. Starfsárið 2016-17 hófst með pomp og prakt í september á Hótel Natura. Þar hittust konur og spjölluðu saman yfir góðum veigum og skráðu sig í vinnuhópa samtakanna. Tækifæri til tengslamyndunar voru nýtt til hins ýtrasta og góð stemmning var á svæðinu þó veigarnar þættu helst til dýrar. Regluleg starfsemi fór fram um veturinn sem lauk með undirbúningi og þátttöku í Vísindagöngunni 22. apríl 2017. Samtökin fara í sumarfrí að aðalfundi loknum og byrja svo félagsstarf af krafti í september 2017 með námskeiði um hrútskýringar og vinnuhópastarfi.



## Reglulegt félagsstarf

### Fræðslumorgnar og föstudagshittingar

Fimm fræðslumorgnar voru haldnir á starfsárinu. Helga Guðrún Óskarsdóttir fræddi konur um þeirra eigin framleiðni í HR í október. *Meet in Reykjavík* bauð okkur síðan fræðslu um þeirra starf á Hótel Sögu 18. nóvember. Snjólaug Ólafsdóttir hélt erindi um umhverfismál í Nýsköpunarmiðstöð 24. janúar og Esther Rut Unnsteinsdóttir frumkvöðull og vísindakona fræddi okkur um stofnun refasetursins í húsi Náttúrufræðifélags Íslands þann 2. mars. Síðasti fræðslumorgunn starfsársins var svo haldinn í Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu þann 11. apríl þar sem Mary Frances Davidsson fræddi okkur um starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Þessir fræðslumorgnar stóðu vel undir nafni, voru mjög fræðandi og skemmtilegir og þökkum við þeim konum sem fræddu okkur hinar kærlega fyrir.



Tengslamyndunarfræðsla fyrir félagskonur var svo í boði eitt kalt fimmtudagskvöld í febrúar um leið og heimasíðan var opnuð. Þar benti Arna Hrund Arnardóttir eigandi Hrund klínísk ráðgjöf ehf. á nokkra gagnlega punkta sem við gætum nýtt okkur til að mynda tengsl á stórum og smáum viðburðum. Góðar og skemmtilegar umræður sköpuðust eftir erindi hennar og áttu konur gott kvöld saman á Sólon.

Nokkrir föstudagshittingar voru haldnir á Kex fyrsta föstudag í mánuði við misjafnar undirtektir. Það er mat stjórnar að það sé þess virði að halda áfram með föstudagshittingana en að þá megi kynna mun betur fyrir félagskonum svo þátttakan glæðist.

## Heimasíða

Heimasíða fyrir samtökin var gerð af stjórn og fór hún í loftið 16. febrúar. Í almennu tali er nafn samtakanna stýtt í SKVÍS og var sú stytting notuð sem lén fyrir síðuna (skvis.is). Á síðunni má finna upplýsingar um lög og markmið samtakanna, félagsstarf, vinnuhópa, viðburði og fréttir. Einnig er þar hægt að skrá sig í samtökin. Heimasíðunni var fagnað með samkomu á veitingastaðnum Sólon við laugaveg 16. febrúar. Samtökin eru þar að auki með Fésbókarsíðu (<https://www.facebook.com/konurivisindum/>) þar sem viðburðum og fréttum samtakanna er póstað ásamt ýmsum fróðleik um allt mögulegt sem við kemur lífi og starfi vísindakvenna um allan heim.

## Vinnuhópar

Fjórir vinnuhópar hafa verið stofnaðir innan SKVÍS og eru eftirtalir: Tengslamyndun og fræðsla, leiðbeinandi persónur („mentorship“), sýnileiki vísindakvenna, og fjármögnun. Hlutverk vinnuhópa er að vera máttarstólpi í starfi samtakanna. Vinnuhóparnir fjórir voru myndaðir í kringum áherslur sem félagskonur vilja sjá í starfi samtakanna samkvæmt ályktun frá stefnumótunardeginum. Hægt gekk að koma starfi vinnuhópa í gang á núliðnu starfsári. Það verður forgangsverkefni komandi stjórnar að koma starfi vinnuhópa af stað á næsta starfsári. Stjórnin hvetur alla til að taka þátt í starfi vinnuhópa og hafa þannig áhrif á þróun samtakanna. Ætlunin er að byrja vinnuhópastarf af fullum krafti í september og biðjum við áhugasamar vísindakonur um að skrá sig í vinnuhópa á heimasíðunni undir „Félagsstarf“ sjá: „<http://skvis.is/felagsstarf/vinnuhopar/>“.



## Vísindagangan



SKVÍS tók þátt í skipulagningu Vísindagöngunnar sem var haldin í miðbæ Reykjavíkur á Degi Jarðar 22. apríl síðastliðinn. Tilgangur göngunnar var tvíþættur, í fyrsta lagi að sýna samstöðu með vísindasamfélaginu í Bandaríkjunum og í öðru lagi að vekja athygli samfélagsins á mikilvægi vísinda fyrir líf okkar allra. Gangan var haldin á sama tíma og „móðurgangan“ í Washington, DC, Bandaríkjunum. Gangan byrjaði með ávarpi Ævars vísindamanns á Skólavörðuholti síðan var gengið niður Skólavörðustíg, Bankastræti, Austurstræti, yfir Austurvöll og lauk göngunni fyrir utan Iðnó. Að göngunni lokinni stóð Vísindafélag Íslendinga fyrir málþingi í Iðnó þar sem staða vísinda í heiminum var rædd fyrir fullum sal. Slagorð göngunnar var „Áfram vísindi“ og var þátttaka framar björtustu vonum. Áætlað er að milli 1 til 2 þúsund manns á öllum aldri hafi gengið með okkur. Gangan fékk mikla og jákvæða athygli frá fjölmiðlum bæði meðan á undirbúningi stóð og á göngunni sjálfri.

Skipulagning Vísindagöngunnar byrjaði sem samstarfsverkefni stjórnar SKVÍS og stjórnar Vísindafélags Íslendinga, síðan voru háskólar, félagasamtök og einstaklingar fengnir í liðið og þannig varð til Bakland Vísindanna. Í baklandinu voru einnig: Háskóli Íslands Háskólinn í Reykjavík, Landbúnaðarháskólinn, Hið Íslenska Náttúrufræðifélag, Líffræðifélag Íslands og Ævar vísindamaður.

## SKVÍS í fjölmiðlum

Sjónvarpsþátturinn *Ævar vísindamaður* var með þátt um vísindakonur í janúar 2017. Ævar bauð stjórn SKVÍS að senda vísindakonu í viðtal fyrir þáttinn. Anna Heiða Ólafsdóttir fór í viðtal fyrir hönd stjórnar. Ævar og Anna ræddu um tilgang og markmið SKVÍS og staðalímyndir í vísindaheiminum.



Fjallað var um samtökin í janúarblaði *Frjálsrar Verzlunar* þar sem viðtöl voru tekin við nokkrar félagskonur. Þetta var mjög góð umfjöllun sem náði yfir margar blaðsíður í blaðinu.

SKVÍS tók síðan þátt í pallborðsumræðum á kvennafrídeginum 8. mars sem haldnar voru á vegum stéttarfélaganna. Í kjölfarið var talað við formann SKVÍS í útvarps- og sjónvarpsfréttum *RÚV*.

## SKVÍS í tölum

Fjöldi félagskvenna: **382**

Fylgendur á fésbókarsíðu: **1336**

Fjöldi viðburða fyrir félagskonur: **11**

Fjöldi viðburða fyrir almenning: **1**

## Stjórn SKVÍS frá 2. júní, 2016, til 30. maí, 2017.

**Auður Önnu Magnúsdóttir** er formaður og upphafskona SKVÍS, hún er nýtekin við starfi deildarforseta umhverfis- og auðlindafræðideildar LbHÍ, eftir að hafa starfað hjá deCode í nokkur ár. Hennar grunnur er í lífefnafræði frá HÍ og svo lauk hún doktorsnámi frá Karolinska Institut/Stokkhólmsháskóla í Svíþjóð. Auður býr til kraftmikið bláberjavín sem allir ættu að smakka.



**Anna Heiða Ólafsdóttir** er varaformaður SKVÍS, hún er fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun Íslands. Hún fór í líffræði hér heima og lauk doktorsnámi í fiskifræði við Memorial Háskóla í Kanada. Anna setur ekki smáatriði eins og handleggsbrot fyrir sig þegar hún þarf að fara á sjó.



**Bjargey Anna Guðbrandsdóttir** er ritari SKVÍS, hún er verkefnastjóri þverfræðilegs náms í umhverfis- og auðlindafræði hjá Háskóla Íslands. Hún er sjálf þverfræðileg, með grunnmenntun í líffræði og meistaraþróf í stjórnun og stefnumótun. Bjargey kann ekki að þrjóna en er betri en Google, a.m.k. samkvæmt systur hennar.



**Helga Guðrún Óskarsdóttir** er gjaldkeri SKVÍS, hún er doktorsnemi í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands. Hún las ekki nema 40 sjálfshjálparbækur fyrir meistaraþverkefnið sitt og hefur því ráð undir rífi hverju.



**Ragnheiður Ólafsdóttir** er meðstjórnandi SKVÍS. Hún er sjálfstætt starfandi vísindamaður hjá ReykjavíkurAkademíunni og er með doktorsþróf í tónlist frá Australian National University in Canberra. Hún hefur búið í þremur heimsálfum og vinnur með tónlist á ýmsan hátt. Hún syngur eigin lög og annarra, en elskar náttúruna, jazz og tangó. Svo er hún líka grunnskólakennari.

**Ásrún Matthíasdóttir** er meðstjórnandi SKVÍS og lektor við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Ásrún er með BS próf í tölvunarfræði, meistaraþróf í fjarkennslufræðum og doktorsþróf í menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hún er einnig með diplómapróf í náms og starfsráðgjöf og kennsluréttindi. Ásrún er mjög utanvið sig, hefur jafnvel tekist að fara í ranga flugvél og er ekki alltaf viss um hvort hún er að koma eða fara.

**Unnur Birna Karlsdóttir** er meðstjórnandi SKVÍS og er sérfræðingur hjá Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands. Unnur er með doktorsgráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hún skrifar skáldsögur á milli þess sem hún vinnur að fræðistörfum eða nýtur lífsins lystisemda og stefnir á heimsreisur fljótlega. Hún stefnir á að ná góðri andlitsmynd af hreindýri einhvern tíma í næstu framtíð.

**Bryndís Guðrún Róbertsdóttir** er einnig meðstjórnandi SKVÍS. Hún er verkefnisstjóri hagnýtra jarðefna á Orkustofnun. Bryndís er land- og jarðfræðingur, og var m.a. fyrsti framkvæmdastjóri Félags íslenska náttúrufræðinga. Bryndís er mikið á ferð og flugi enda lenda alls kyns verkefni hjá henni því hún er auðvitað full af orku.

**Hafdís Hanna Ægisdóttir** er meðstjórnandi SKVÍS, hún er forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Hún lærði líffræði við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla og lauk doktorsþrófi í plöntuvistfræði við háskólann í Basel í Sviss. Hafdís Hanna er sveimhugi með ævintýraþrá sem elskar að syngja jazz og ferðast um fjarlæg lönd og íslenska náttúru.



# LÖG SAMTAKA KVENNA Í VÍSINDUM

## 1. grein.

Samtökin heita Samtök kvenna í vísindum. Á ensku heitir félagið Icelandic Association of Women in the Sciences.

2. grein Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

## 3. grein.

### MARKMIÐ.

Samtök kvenna í vísindum eru fyrir konur innan allra sviða vísinda. Markmið samtakanna er að stuðla að valdeflingu og samtakamætti vísindakvenna, efla tengslanet og auka sýnileika kvenna í vísindastarfi. Samtökin eru auk þess vettvangur fræðslu og stuðnings fyrir félagskonur og sinna aðhalds- og upplýsingahlutverki varðandi stöðu kvenna í vísindum.

## 4. grein.

### FÉLAGSADILD.

Félagar geta orðið allar konur sem lokið hafa bakkalárgráðu (BS, BA, B.Ed eða samþærilegu prófi) á sviði vísinda.

## 5. grein.

### STARFSTÍMABIL, AÐALFUNDIR OG FÉLAGSFUNDIR.

5a. Starfstímabil félagsins er almanaksárið.

5b. Aðalfundur hefur æðsta vald um málefni samtakanna en hann skal haldinn vor hvert og er hann löglegur ef til hans er boðað með minnst fjórtán daga fyrirvara. Formaður og stjórn eru kjörin með einföldum meirihluta þeirra félagsmanna er mæta á aðalfund. Kosning er til eins árs í senn.

Eftirfarandi mál ber að taka fyrir á aðalfundi:

Skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár.

Afgreiðslu ársreikninga.

Lagabreytingar.

Kosningu formanns og stjórnar.

Kosningu skoðunarmanna reikninga.

Önnur mál.

5c. Boða má til aukaaðalfundar ef meirihluti stjórnar eða a.m.k. fimmtungur félagskvemma fer fram á það skriflega og leggur fram tillögu að dagskrá.

5d. Aðra félagsfundi má halda þegar stjórn ákveður og skal boða til þeirra með sama hætti og aðalfundi. Allar ákvarðanir stjórnar-og félagsfunda skal bókfæra af ritara. Stjórnin getur veitt öðrum aðilum áheyrnaraðild að fundum, þjóni það hagsmunum félagsins.

5e. Á stjórnar-og félagsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Ef atkvæði falla jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Ef atkvæði falla jafnt í kosningu til formanns skal draga um það hver nær kjöri.

5f. Fundargerðarbók skal haldin og í hana skal skrá ákvarðanir stjórnar-og félagsfunda ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna nema annað sé ákveðið á fundinum.

## 6. grein

### STJÓRN FÉLAGSINS.

6a. Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins og gætir hagsmuna þess á grundvelli starfsreglna og ákvarðana aðalfunda og félagsfunda.

6b. Aðalfundur kýs formann og 8 stjórnarkonur. Eftir kjör skiptir stjórnin með sér verkum sem hér segir: Varaformaður, ritari, gjaldkeri og fimm meðstjórnendur.

6c. Stjórnarkonur eru kosnar til eins árs og mega ekki sitja samfelld lengur en í 10 ár.

6d. Stjórnarfundir eru haldnir eftir þörfum og boðaðir af formanni eða staðgengli hennar og skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara. Ef minnst þrjár stjórnarkonur krefjast stjórnarfundar skal hann boðaður innan hálf mánaðar.

## 7. grein.

### SLIT FÉLAGSINS.

Ef 3/4 hlutar félagskvenna óska þess, má slíta félaginu svo fremi sem engar skuldbindingar hamli því. Ef einhverjar eignir eru, renna þær til góðgerðarsamtaka sem vinna að málefnum kvenna.

## 8. grein.

### ÝMIS ÁKVÆÐI.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi svo fremi sem breytingartillagan fái 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Tillögur að lagabreytingum þurfa að berast stjórn félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skal stjórn félagsins kynna félagskonum tillögurnar með tölvupósti.

Samþykkt á 1. aðalfundi félagsins 2. júní, 2016.